



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
VESTURLANDS

ÁRSSKÝRSLA  
2015

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

# ÁRSSKÝRSLA 2015

**Umsjón með útgáfu/  
hönnun/umbrot**  
Rósa Mýrdal

**Ljósmyndir**  
G. Bjarki Halldórsson  
<http://www.flickr.com/bjarkih/>  
<http://www.bjarkih.org/>  
og úr safni HVE

**Forsíðumynd**  
G. Bjarki Halldórsson  
Myndin er tekin í Skallagrímgarði í Borgarnesi

# EFNISYFIRLIT

Frá forstjóra	bls. 4
Skipurit	" 5
Stjórn og stjórnendur	" 6
Þættir úr starfsemi	" 8
<b>Heilsugæslusvið</b>	" 14
Heilsugæslustöð HVE Akranesi	" 16
Heilsugæslustöð HVE Borgarnesi	" 17
Heilsugæslustöð HVE Búðardal	" 18
Heilsugæslustöð HVE Grundarfirði	" 19
Heilsugæslustöð HVE Hólmavík	" 20
Heilsugæslustöð HVE Hvammstanga	" 21
Heilsugæslustöð HVE Ólafsvík	" 22
Heilsugæslustöð HVE Stykkishólmi	" 23
<b>Sjúkrasvið</b>	" 24
Umdæmissjúkrahús HVE Akranesi	" 25
Hjúkrunardeild HVE Hólmavík	" 30
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	" 31
Sjúkrasvið HVE Stykkishólmi	" 33
<b>Ársreikningur 2015</b>	" 37

# FRÁ FORSTJÓRA

Í árslok 2014 var liðinn hálfur áratugur frá því að Heilbrigðisstofnun Vesturlands varð til. Ef til vill má því segja sem svo að barnsskónum hafi verið slitið. Með reynslu krefjandi ára að baki er nú áfram haldið óhikað í átt að síðari hluta viðburðaríks áratugar í tilveru þessa lífflega vinnustaðar.

Fyrstu bernskuár HVE hafa verið mikil prófraun og reynsla fyrir allt starfsfólk og stjórnendur. Ytri erfiðleikar og efnahagslegur andbyr einkenndu starfsumhverfið lengi framan af. Að mati undirritaðs hefur þetta hinsvegar verið gjöfult tímabil í mörgu tilliti og samstarf við áhugasamt og metnaðarfullt starfsfólk verið það einstaka atriði sem vegur þýngst.



Áföll samfélagsins fyrir nokkrum árum bitnuðu harkalega á starfsemi HVE eins og öðrum opinberum stofnunum í landinu. Enn vantar talsvert á að eðlilegt ástand hafi skapast en þróunin er í rétta átt. Engin ástæða er til annars en að horfa björtum augum fram á veg og taka örum breytingum opnum huga með hagnýtingu nýjustu þekkingar og tækni að leiðarljósi.

Áhyggjuefni stjórnenda beindist á árinu eins og jafnan áður að því að geta skipað í öll þau störf sem inna þarf af hendi. Mikilvægasti þáttur starfseminnar, grunnþjónustan, þ.e. heilsugæsla hefur í orði kveðnu verið sérstakt áhersluatriði stjórnvalda um langt skeið. Þeim sem starfa í heilbrigðisþjónustu hefur mörgum þótt hægt miða en á árinu var talsverð umræða um þessi málefni og verulegar breytingar í skipulagi á landsvísu kynntar. Einkum hafa sjónir stjórnvalda þó enn sem komið er beinst að höfðuborgarsvæðinu í þessu sambandi. Þar er fjölmennið mest og þrengingar umtalsverðar. Undirritaður hefur verið all virkur í umræðu um breytta skipan og lagt á það áherslu að huga þurfi af mikilli alvöru að viðgangi þjónustunnar á landsbyggðinni en þar eru margvísleg úrlausnarefni óleyst.

Aðgengi að þjónustu HVE hefur jafnan verið ágætt og greiðara en víða á landinu. Svo var líka á árinu 2015 þótt leita hafi þurft tímabundinna afbrigða í útfærslunni á nokkrum svæðum, í góðu samráði við starfsfólk. Dæmi um það eru ljósmæðraþjónusta á Snæfellsnesi og hjúkrunarþjónusta í Dalabyggð. Enn hefur ekki tekist að festa í sessi heilsugæslulækna til búsetu á svæðinu utan Búðardals og Hvammstanga. Stuðst er því við samninga við lausráðna lækna í ríkum mæli. Sú þjónusta hefur víða leyst aðsteðjandi vanda og reynst eftir atvikum vel en er skipulag sem fæstir líta á sem frambúðarlausn á sínu svæði.

Á stofnuninni eru alltaf breytingar í starfsmannahópnum en þó er sterkur kjarni sem unnið hefur í áratugi í heilbrigðisþjónustu á starfssvæðinu. Í fjölmennu starfsmannahófi í nóvember var vakin athygli á því hversu sá hópur er stór sem unnið hefur samfellt lengur en 25 ár á þessum vettvangi. Í ljós kom að þetta eru tæplega 80 starfsmenn og þar af voru 36 sem höfðu starfað lengur en 30 ár og 13 lengur en í 40 ár og jafnvel fast að 50 árum. Öllum þessum starfsmönnum var veitt viðurkenning stofnunarinnar og þakkað fyrir tryggð og góð störf enda ástæða til. Starfsmannavelta hefur undanfarin ár verið lítil á HVE eða á bilinu 3% - 4%. Algengt hlutfall á hinum almenna vinnumarkaði er talsvert hærra og ekki óalgengt að fyrir augu beri starfsmannavelta yfir 8%.

Lítið hefur þokast varðandi tvö stór endurbótaverkefni á húsakosti stofnunarinnar. Annað þeirra tengist breytingum á skipulagi öldrunar- og heilbrigðisþjónustu í Stykkishólmi. Unnið er að undirbúningi að samþættingu öldrunarþjónustu í sveitarfélaginu undir einu þaki í húsnæðinu að Austurvegi 7. Hitt verkefnið er endurnýjun á aðstöðu legudeilda á Akranesi. Skilningur stjórnvalda er fyrir hendi og mat þeirra liggur fyrir um brýna þörf átaks í þessum efnunum. Mikill kostnaður samfara breytingunum er hinsvegar enn sem komið er hindrun sem ekki hefur tekist að yfirvinna þrátt fyrir stöðugan og skipulegan þrýsting og viðræður. Þetta eru viðfangsefni sem unnið verður ötullega að á næstu misserum.

Á árinu hófst vinna við starfsáætlun HVE til þriggja ára í samráði við stjórnendur vítt og breitt um stofnunina. Liður í því verkefni er að skerpa á hlutverki HVE og að skýra nokkra þætti í starfseminni með greinargóðum hætti. Samhliða starfsáætlun er unnið að endurskoðun skipurits í ljósi undanfarinna ára. Árangur þessarar vinnu mun líta dagsins ljós á fyrri hluta árs 2016.

Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands hafði yfirbragð stöðugleika og iðjusemi á árinu 2015. Ýmsir þættir voru eflir og styrktir að frumkvæði starfsmanna og að undangenginni faglegru umfjöllun. Heilbrigðisþjónusta er mannúðarþjónusta og það felst í því mikill auður fyrir hverja stofnun á þessu sviði að hafa á að skipa áhöfn sem í huga og verki er stöðugt til reiðu. Það er raunin innan HVE og fyrir það er starfsmönnum öllum þakkað.

Guðjón S. Brjánsson  
forstjóri

# SKIPURIT HVE



**GILDI HVE**  
**VIRÐING**  
**TRAUST**  
**FAGMENNSKA**

# STJÓRN OG STJÓRNENDUR

## Framkvæmdastjórn

Forstjóri	Guðjón S. Brjánsson
Framkvæmdastjóri lækninga	Pórir Bergmundsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
Framkvæmdastjóri fjármála	Ásgeir Ásgeirsson

## Aðrir stjórnendur

Sviðsstjóri lækninga á heilsugæslusviði	Linda Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði	Rósa Marinósdóttir
Svæðisfulltrúi	Guðmundur Haukur Sigurðsson
Svæðisfulltrúi	Jóhann Björn Arngrímsson
Verkefnastjóri tækni- og búnaðarmála	Halldór Hallgrímsson
Yfirlyfjafræðingur	Ólafur Adolfsson til ágúst 2015 Sandra Björg Steingrímsdóttir frá ágúst 2015
Fagstjóri endurhæfingar	Hrefna Frímansdóttir
Fagstjóri lækna- og læknafræðingur	Rósa Mýrdal
Fagstjóri myndgreiningar	Gróa G. Þorsteinsdóttir
Fagstjóri rannsóknarþjónustu	Hafdís Bjarnadóttir
Fagstjóri sjúkraflutninga	Gísli Björnsson

## Heilsugæslusvið

HVE Akranes heilsugæsla	Reynir Þorsteinsson yfirlæknir Ragnheiður Björnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Borgarnes heilsugæsla	Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir Rósa Marinósdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Búðardalur heilsugæsla	Þórður Ingólfsson yfirlæknir Þórunn B. Einarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Grundarfjörður heilsugæsla	Bragi Þór Stefánsson yfirlæknir Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hólmavík heilsugæsla	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hvammstangi heilsugæsla	Geir Karlsson yfirlæknir Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Ólafsvík heilsugæsla	Andri Heide yfirlæknir Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur Sigrún Erla Sveinsdóttir frá 1. mars
HVE Stykkishólmur heilsugæsla	Kristinn Logi Hallgrímsson yfirlæknir Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

## Sjúkrasvið

Handlækningadeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Pura B. Hreinsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kvennadeild HVE Akranesi	Konráð Lúðvíksson yfirlæknir (frá 1. jan. 2015) Anna Björnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild HVE Akranesi	Guðni Arnar Guðnason yfirlæknir Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi	Björn Gunnarsson yfirlæknir Guðrún M. Halldórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Kristjana Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Slysa- og göngudeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðríður Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Myndgreiningardeild HVE Akranesi	Gróa G. Þorsteinsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Akranesi	Eyjólfur Harðarson deildarstjóri til júlí 2015 G. Bjarki Halldórsson deildarstjóri frá júlí 2015
Heilbrigðisupplýsingadeild HVE Akranesi	Rósa Mýrdal deildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Akranesi	Ingibjörg Óskarsdóttir deildarstjóri Sigrún Ásmundsdóttir deildarstjóri
Afgreiðsludeild HVE Akranesi	Ingibjörg Finnbogadóttir deildarstjóri
Eldhús HVE Akranesi	Bjarni Þór Ólafsson deildarstjóri
Ræsting HVE Akranesi	Jóna María Örlaugsdóttir deildarstjóri
Viðhalds- og tæknideild HVE Akranesi	Halldór Hallgrímsson deildarstjóri
Sjúkraflutningar HVE Akranesi	Gísli Björnsson deildarstjóri
Hjúkrunardeild HVE Hólmavík	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	Geir Karlsson yfirlæknir Guðrún Benónýsdóttir hjúkrunardeildarstjóri til ágúst 2015 Lilja Hannesdóttir frá sept. 2015
Sjúkradeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Háls- og bakdeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Stykkishólmi	Hrefna Frímannsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Stykkishólmi	Hafdís Bjarnadóttir deildarstjóri



# ÞÆTTIR ÚR STARFSEMI

## Reksturinn

Ársreikningur fyrir 2015 ber með sér að starfsemi HVE er í jafnvægi svo ekki verður nær komist. Rekstrarafgangur er hverfandi lítil og minni en fyrra ár, örlítið borð fyrir báru hefði verið ákjósanlegra. Ástæður eru fyrst og fremst sviptingar á vinnumarkaði og óvissa og ófyrirséð útgjöld af þeim sökum. Sömuleiðis var tækjabúnaður endurnýjaður í ríkara mæli en mörg undanfarin ár. Eigið fé er jákvætt sem er gríðarlega mikilvægt og forsenda þess að starfseminni vegni vel að öllu leyti.

## Starfsemin

Framkvæmdastjórn fór á fund starfsmanna á öllum starfsstöðvum HVE í upphafi árs eins og jafnan, átti við þá spjall og hleraði viðhorfin á líðandi stund. Rætt var um stöðuna varðandi viðgang þjónustunnar og skipan fagfólks í lykilstöður. Þetta er reyndar málefni sem stöðugt er á dagskrá en vissulega hefur læknaþingur haft áhrif á starfsemi HVE sem og annars staðar í landinu. Greint var sömuleiðis frá þeirri stefnu stjórnenda sem uppi hefur verið allt frá sameiningu að efla sérfræðiþjónustu nær heimabyggð og þeim viðræðum lýst sem eiga sér stað gagnvart Sjúkratryggingum Íslands. Hægar miðar í þeim efnum en væntingar standa til en þó í rétta átt ef marka má yfirlýsingar ráðamanna. Farið var yfir helstu þætti í verklegum framkvæmdum og endurbótum á húsnæði á hverjum stað fyrir sig og hvað sé helst á döfinni. Fundirnir voru jafnan ágætlega sóttir og þessar viðræður og skoðanaskipti eru framkvæmdastjórn mikils virði í hennar störfum.

Öryggismál voru talsvert til umræðu fyrrihluta ársins í ljósi nokkurra atvika sem upp hafa komið. Stigin voru skref til þess að auka öryggi á öllum starfsstöðvum HVE. Rafræn aðgangsstýring var sett upp í húsnæðinu á Akranesi og uppsetningu á öryggismyndavélum og innbrotsvörn á öðrum starfsstöðvum lokið.

Í inngangi var dregið á að órói á vinnumarkaði og vinnudeilur hefðu haft nokkur áhrif á starfsemi stofnunarinnar á árinu, einkum hvað varðar afmarkaða hópa heilbrigðisstarfsfólks. Það sem þó einkenndi þessar deilur var varfærnisleg og ábyrg framgangur þeirra sem í hlut áttu. Markvisst var unnið á þann hátt að öryggi væri ekki ógnað og greitt úr vafaatriðum með málefnalegum hætti. Engu að síður bitnaði þetta á starfseminni með alvarlegum og óþægilegum hætti.

Verklegar framkvæmdir voru allnokkrar á starfsstöðvunum. Þær umfangsmestu voru í Stykkishólmi þar sem aðgengi í anddyri var lagfært og nýr matsalur um síðir tekinn í notkun eftir tafir og vanefndir verktaka. Á Akranesi var afgreiðsla og móttaka í anddyri endurnýjuð til þæginda bæði fyrirstarfsfólk og aðvífandi skjólstæðinga. Fleiri stór verkefni bíða út við sjónarrönd, misjafnlega langt komin í undirbúningi. Stærst eru breytingar á húsnæði í Stykkishólmi og flutningur dvalarheimilis í húsnæði HVE en ekki hefur enn náðst að tryggja fé til þeirra framkvæmda. Sömuleiðis er brýn þörf á endurbótum á báðum legudeildum HVE á Akranesi. Það sama er að segja um fjármuni í þau verkefni.

Í byrjun nóvember 2014 var tölvusneiðmyndataeki stofnunarinnar á Akranesi tekið úr notkun vegna alvarlegrar bilunar sem ekki var talið skynsamlegt að viðhalda lengur. Hollvinasamtök HVE beittu sér með glæsibrag fyrir söfnun til kaupa á nýju tæki og var það afhent við hátíðlega athöfn í lok apríl en tækið kostaði í heild nærri 50 milljónir króna. Með þessu grettistaki Hollvinasamtakanna komst starfsemi myndgreiningadeildar fljótlega í eðlilegt horf en verkföll hindruðu þó fulla nýtingu fyrsta kastíð.

Þá tilkynntu Hollvinasamtökin að þau hygðust færa öllum átta starfsstöðvum HVE sólarhrings-



blóðþrýstingsmæla að gjöf. Þeir voru afhentir af fulltrúum samtakanna í opnu húsi á hverjum stað fyrir sig á haustdögum. Þessi búnaður nýtist heilbrigðisstarfsfólki vel í þjónustu við íbúana.

Hinn 9. júní heimsótti landlæknir stofnunina í dagsferð og fékk kynningu á starfsemi. Hann leit við á Akranesi og fór síðan í Stykkishólm og hitti þar starfsmenn af Snæfellsnesi og hleraði viðhorf þeirra og ræddi um málefni heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

Þann 1. okt. 2015 var fyrsta dvalarheimilið á Vesturlandi tengt við rafrænt sjúkraskrárkerfi HVE. Aðaltilgangurinn með slíkri samtengingu sjúkraskrárkerfa er aukið öryggi sjúklinga, gæði og hagræði í heilbrigðisþjónustu ásamt sparnaðaráhrifum sem það hefur í för með sér. Samráð var haft við Embætti landlæknis, heilbrigðisráðuneytið og Persónuvernd varðandi málið. Fyllsta öryggis verður gætt m.a. hvað varðar persónuupplýsingar og aðgengi að rafrænu sjúkraskránni. Starfsmenn viðkomandi öldrunarstofnana munu undirgangast öryggisreglur HVE sem annast hýsingu kerfanna, umsjón og eftirlit.

Síðla árs var skipaður starfshópur sem hefur það verkefni að endurskoða og uppfæra vefsíðu HVE og unnið hefur verið að undirbúningi þess verkefni samhliða daglegum störfum. Því verki er enn ekki lokið en vonandi lítur upplýsingavefur með breyttri ásýnd dagsins ljós á nýju ári.

Unnið var að innleiðingu og auknum rafrænum tengslum mötuneytis við legudeildir á Akranesi og er það verkefni langt á veg komið. Sömuleiðis eiga starfsmenn þess nú kost að panta sér máltíðir um kvöld og nætur með rafrænum hætti, á tölvu sinni eða með snjallsíma. Unnið er að frekari þróun á rafrænum samskiptum innan stofnunarinnar.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands varð til með reglugerð ráðuneytis þann 1. janúar 2010. Því var ákveðið snemma á árinu 2015 að efna til starfsmannafagnaðar og minnast þeirra ára sem stofnanir í heilbrigðisumdæminu hafa starfað saman sem ein heild. Hátíð starfsmanna var haldin laugardaginn 7. nóvember í Hjálmakletti í Borgarnesi. Þetta voru starfsmenn af öllum átta starfsstöðvum stofnunarinnar, samtals ríflega 160 manns. Í upphafi ávarpaði sveitarstjóri Borgarbyggðar, Kolfinna Jóhannesdóttir gestina og síðan var snæddur saman kvöldverður. Guðjón S. Brjánsson, forstjóri rakti aðdraganda og sögu sameiningar heilbrigðisstofnana á Vesturlandi og þakkaði starfshópi sem vann að undirbúningi samkomunnar fyrir vel skipulagt verkefni.

Fjölbreytt dagskrá var að hætti starfsmanna af öllu svæðinu. Sönghópurinn Blær frá Stykkishólmi söng nokkur lög, starfsmenn í Borgarnesi fluttu gamanmál úr daglegu starfi. Veislustjórinn, Guðmundur Haukur Sigurðsson fór á kostum og söng brag til framkvæmdastjórnar og starfshópur frá Hvammstanga söng frumsaminn brag um dagleg störf og samstarf innan stofnunarinnar. Þá var atriði frá Akranesi á myndbandi samið af starfsfólki legudeilda.

Starfsmenn sem náð hafa 25, 30 og 40 ára starfsaldri voru heiðraðir og fengu viðurkenningu. Þetta eru samtals 79 einstaklingar, þar af eru þrettán starfsmenn HVE sem unnið hafa í 40 ár eða lengur við heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Af þeim hafa tveir starfsmenn nánast jafn langan starfsaldur, þær Bára Garðarsdóttir og Elísabet Bjarnadóttir á Hvammstanga en þær hófu störf í júní 1966 og eiga því að baki um 49 ár í samfelldu starfi.

Í október hófst framkvæmdastjórn handa við undirbúning og mótun nýrrar starfsáætlunar fyrir stofnunina til þriggja ára. Að verkefninu koma stjórnendur allra starfsstöðva en markmið vinnunnar er að endurskoða fyrri Framtíðarsýn HVE og skilgreina hlutverk stofnunarinnar betur en fyrr og þau verkefni sem við verður fengist á næstu árum. Gert er ráð fyrir að kynna áætlunina fyrir mitt ár 2016.



## Mannauðsmál

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna miðað við 31.12.2015 er 389. Þar af eru 311 konur og 78 karlar. Heildarfjöldi starfsmanna í heilsugæslu var 114 og 275 á sjúkra- og hjúkrunarsviði. Starfsmönnum fjölgar lítillega á milli ára og hlutfallslega talsvert meira á heilsugæslusviði.

Ef horft er framhjá lausung sem ætíð skapast við vinnudeilur, þá var allmikill stöðugleiki í starfsmannahópnum. Verkföll virðast ekki hafa sett mark sitt á umfang þjónustunnar svo neinu nemi skv. tölulegu yfirliti. Lítilsháttar frávík mátti merkja í fjölda samskipta í heilsugæslu og umfang heimahjúkrunar óx.

Á hjúkrunarsviði á Hvammstanga voru erfiðleikar við mönnun hjúkrunarfræðinga og náðist ekki viðunandi festa í þann þátt starfseminnar fyrir en síðasta fjórðung ársins.

Starfsumhverfið í lækniþjónustu heilsugæslunnar var með svipuðum hætti og verið hefur fyrri misseri og viðsnúningur tæpast í auglýs. Mestur læknskortur blasir við í heilsugæslunni á Akranesi en á öðrum stöðum er þjónustan leyst að verulegu leyti með skemmri tíma ráðningum verktakalækna. Í því sambandi er lögð áhersla á að skapa eins mikinn stöðugleika og kostur er. Mikilvægi teymisvinnu með þátttöku og samvinnu margra fagstétta verður æ ljósara. Þar gegna hjúkrunarfræðingar lykil hlutverki við núverandi aðstæður. Reynslan sýnir að þekking og færni þeirra er mikil og skipulag mun miðast við það í náninni framtíð.

Á sjúkrasviði var starfsemin sama marki brennd og önnur svið heilbrigðisþjónustunnar að geta ekki starfað ótruflað allt árið vegna vinnudeilna í margar vikur. Eins og vænta má, þá dró lítillega úr starfseminni, hvort sem er á háls- og bakdeild í Stykkishólmi eða á lyflækninga- og handlækningasviði á Akranesi en þó í minna mæli en vænta mátti.

Stofnunin naut starfa sama kjarna sérfræðinga í lækni- og lækniþjónustu á árinu en þó urðu nokkur umskipti. Sem dæmi lét hjartalæknir af störfum á Akranesi en fyrir en varði hafði tekist að fylla hans skarð með ágætum. Sömuleiðis tókst á árinu að ráða þvagfæraskurðlækni eftir nokkurra ára hlé. Fengur er að báðum þessum sérgreinum.

Á skrifstofu reyndist ekki lengur umflúið að bæta við starfsmanni i hálf starf við bókhaldsumsýslu vegna endurtekinna tilmæla Ríkisendurskoðunar. Enn hefur hinsvegar ekki reynst unnt að ráða liðsmann sem hefur starfsmannamál og starfsmannþjónustu sem sitt sérsvið. Þörfin fyrir að rækja þennan þátt með markvissum og skilgreindum hætti verður stöðugt áleitnari í huga stjórnenda.

## Námskeið / endurmenntun

Árið 2015 tók hjúkrunarsvið HVE á Akranesi við 25 nemum í klínískt starfsnám, nokkuð færri en undanfarin ár. Náms tíminn var samanlagt 57 vikur sem skiptist milli hjúkrunarfræðinga í framhaldsnámi, hjúkrunarfræðinema á öðru, þriðja og fjórða ári auk sjúkraliðanema.

Nánari upplýsingar um skiptingu nemanna á Akranesi má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

	Heilsugæsla	Handlækningadeild	Kvennadeild	Lyflækningadeild	Skurðstofa/ svæfing
Hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í ljósmóðurfræðum			5		
Hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í gjörgæsluhjúkrun					1
Hjúkrunarfræðinemar frá HA		4	7	3	
Hjúkrunarfræðinemar frá HÍ			2		
Sjúkraliðanemar frá FVA	1	1		1	
<b>Fjöldi nema</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>14</b>	<b>4</b>	<b>1</b>
<b>Lengd dvalar</b>	<b>3 vikur</b>	<b>16 vikur</b>	<b>24 vikur</b>	<b>13 vikur</b>	<b>1 vika</b>

Löng hefð er fyrir starfsnámi læknakandidata við sjúkrasviðið á Akranesi í lengri eða skemmri tíma. Þetta nám hefur verið viðurkennt til lækningaraleyfis. Gagngerar breytingar og endurskipulagning hafa nú farið fram á kandidatsárinu. Mats- og hæfnisnefnd á vegum Velferðarráðuneytis hefur metið möguleika sjúkrastofnanna til að halda uppi starfsnámi, sem nú er vel skilgreint í ítarlegri marklýsingu. Þá eru kröfur gerðar um námsmat og eftirfylgd í starfsnámi. Það er ánægjulegt að sjúkrasviðið á Akranesi er áfram viðurkennt til að halda uppi starfsþjálfun læknakandidata. Þá hefur heilsugæslustöðin í Borgarnesi verið viðurkennd til að hafa læknakandidata í starfsþjálfun í heimilislækningum. Á sjúkrasviði á Akranesi hefur verið haldið úti reglulegri fræðslustarfsemi fyrir aðstoðarlækna. Skipulagðir eru reglulegir fræðslu- og tilfellafundir. Þá ber að geta þess að læknanemum sem og nemum í sjúkrþjálfun hefur staðið til boða námsdvöl á Háls og bakdeild HVE í Stykkishólmi.

## Endurbætur og viðhald

Ríkiseignir annast almennt viðhald og endurbætur húsnæðis stofnunarinnar á starfssvæðinu og hafa margir góðir áfangar náðst á síðustu árum í þeim efnum. Almennt eru þær húseignir sem stofnunin hefur til ráðstöfunar í góðu ásigkomulagi. Þó eru á því undantekningar en þær eru helstar á Akranesi. Stöðugt er þó unnið að lagfæringum og viðhaldi.

Á Akranesi voru stærstu viðhaldsverkefni á starfsmannabústað en húsið var endurbætt að innan og því breytt þannig að það nýttist stofnuninni með ákjósanlegum hætti. Þá var komið fyrir aðstöðu starfsfólks á gömlu E deildinni meðan á framkvæmdum stóð í starfsmannabústaðnum þá var afgreiðsla og móttaka í aðalbyggingu endurnýjuð eins og að framan greinir og sett upp aðgangs- og stýrikerfi að öllum rýmum húsa. Nýtt CT tæki var tekið í notkun og rými þess endurbætt, meðal annars sett upp öflug loftkæling frá Hitatækni.

Í Borgarnesi var unnið að endurbótum á myndgreiningarstofu. Fyrirhugaðar eru endurbætur og tilfærslur 2. hæð snemma á næsta ári. Borgarvík 18 var lagfærð, skipt um raflagnaefni og húsið málað áður en það var selt til Lögregluembættis á Vesturlandi. Læknisbústaðir voru lagfærðir, m.a. skipt um vatnslagnir í öðru húsanna.

Afgreiðsla og móttaka var endurnýjuð í Búðardal og þá var einnig unnið að endurnýjun innréttinga á tannlæknastofu og skipt þar um gólfduk og á fleiri svæðum innan húss og málað að innan.

Í Grundarfirði var hluti stöðvarinnar málaður að innan. Þá var sett upp brunaviðvörðunarkerfi og hafinn undirbúningur að ísetningu nýrrar, rafknúinnar útihurðar. Í Grundarfirði var eins og á öllum starfsstöðvum sett upp myndavélakerfi til eftirlits að hefðbundnum starfsdegi loknum. Í læknisbústað var unnið að lagfæringum í tengslum við lekavandamál, gólf í bílgeymslu málað og gluggar þéttir.

Á Hólavík voru vistarverur málaðar, skipt var um ljós í borðstofu, merkingar öryggiskerfa endurbættar og unnið að öðrum minniháttar viðhaldsverkefnum en öðrum stærri verkefnum frestað. Til stendur að skipta um þakefni á læknisbústað í sumar.

Brunaviðvörðunarkerfi var lagfært á Hvammstanga og gengið frá merkingum því tengdu. Sjúkrahúshluti stofnunarinnar var málaður að utan, gengið frá loftræstiinntökum og gluggar lagfærðir. Skipt var einnig um gólfduk í setustofu. Þá var skipt um þak á heilsugæslustöðinni og gólfduka á heilsugæslustöðinni en eftir er að skipta um duk á tannlæknastofu, lokið við að skipta um gólfduka á allri heilsugæslustöðinni. Til stendur að skipta um neysluvatnslagnir á heilsugæslustöðinni á þessu ári

Í Ólafsvík var unnið að lausn langvarandi lekavandamála við stærstu glugga. Talsvert múrbrot átti sér stað innan dyra og húsið klætt að utan, þ.e. undir gluggum og gaflar. Önnur smærri viðhaldsverkefni voru unnin á



árinu. Til stendur að endurleggja malbik á plani fyrir utan heilsugæslustöðina.

Áður hefur verið greint frá endurbótaverkefni í matsal og anddyri í Stykkishólmi þar sem einnig var sett upp vindfang. Að öðru leyti var unnið að smærri viðhalds- og frágangsverkefnum sem út af stóðu eftir framkvæmdir fyrri tímabila, bæði innan dyra og utan.

## Tækjabúnaður

Helstu stóru tækja- og búnaðarkaup á árinu voru eftirtalin:

Á Akranesi var keypt svæfingavél að fjárhæð 10 millj., búnaður fyrir súrefnismiðstöð að fjárhæð 3,2 millj. kr., standlyftari á lyflækningadeild fyrir 550 þús. kr., áreynsluprófstæki fyrir göngudeild fyrir 1 millj. kr., speglunartæki fyrir meltingarveg fyrir 2,2 millj. kr., blóðgasmælir fyrir rannsóknadeild fyrir 1,1 millj. kr., þrettán sjónvarpstæki fyrir legudeildir samtals að fjárhæð 650 þús. kr., tæki til sjúkráþjálfunar fyrir 350 þús. kr. og ýmis húsgögn og eldhúsbúnaður fyrir um 4 millj. kr.

Í Borgarnesi voru endurnýjuð ýmis húsgögn fyrir 570 þús. kr. og hjartastuðtæki fyrir 264 þús. kr.

Í Búðardal voru endurnýjuð húsgögn fyrir 437 þús. kr. og hjartastuðtæki fyrir 264 þús. kr.

Í Grundarfirði voru endurnýjuð húsgögn og innréttingar fyrir 400 þús. kr. og autoklafi fyrir 770 þús. kr.

Á Hvammstanga var keypt tvö hjartastuðtæki fyrir 527 þús. kr., autoklafi fyrir 770 þús. og hjartalínuritstæki fyrir 704 þús. kr.

Í Ólafsvík var endurnýjaður autoklafi fyrir 770 þús. kr. og ýmis húsgögn og eldhúsbúnaður fyrir 350 þús. kr.

Í Stykkishólmi var endurnýjaður skoðunarbekkur og armborð fyrir 417 þús. kr., skipt út 13 dýnum á sjúkrarúmum fyrir 1,2 millj. kr., gólfþvottavél fyrir 868 þús. kr., þvottavél í þvotthús fyrir 1 millj. kr., autoklafi fyrir 1 millj. kr. og hjartastuðtæki fyrir 264 þús. kr.

Þá var endurnýjaður ýmis tölvubúnaður fyrir allar starfsstöðvar fyrir 7,2 millj. kr.

## Gjafir til HVE

Eins og fyrri ár bárust Heilbrigðisstofnun Vesturlands fjölmargar góðar gjafir á árinu.

- \* Hollvinasamtök HVE afhentu nýtt sneiðmyndatæki þann 25. apríl. Lagt var fram gjafabréf Hollvinasamtakanna dags. 25. apríl þar sem tækið er afhent Heilbrigðisstofnun Vesturlands formlega til eignar. Tækið sem er af gerðinni Simens Somatom Perspective 32 kostaði tæplega 50 milljónir króna.
- \* Englamömmur færðu kvennadeildinni á Akranesi kælivögg fyrir andvana fædda nýbura.
- \* Gimbury sif. (Hafsteinn Sæmundsson) gaf kvennadeildinni notað sónartæki.
- \* Á vordögum færði Starfsmannafélag Upplýsingatæknifélagsins Omnis sem lagt hefur verið niður kvennadeild tvær nýjar ungbarnavöggur að gjöf.
- \* Lionsklúbburinn Eðna gaf kvennadeildinni vökvadælu fyrir dreypilyf við sama tækifæri.
- \* Lionsklúbburinn á Akranesi færði Slysadeild HVE á Akranesi gjörgæslubúnað að fjárhæð 2,6 m.kr. í aprílmánuði.
- \* Rótarýklúbburinn í Borgarnesi gaf heilsugæslustöðinni þar hjartahnoðtæki að fjárhæð kr. 2,4 m.kr. í marsmánuði.



- \* Heimamenn í Dalabyggð söfnuðu fyrir Lúkas hjartahnoðtæki og gáfu á heilsugæslustöðina í Búðardal. Í átakinu tóku þátt Kvenfélagið Fjóla, Beiersdorf ehf, Lionsklúbbur Búðardal, Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir, Búðardalsdeild Rauðakrossins og 20 eintaklingar og fyrirtæki.
- \* Stafrænn röntgenlesari var gefinn til HVE Búðardal. Gefendur voru Lionsklúbbur Búðardals, Rauðakrossdeildin í Búðardal, Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir og 49 einstaklingar. Heildarkostnaður búnaðarins var um 2,4 milljónir kr.
- \* Lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ ásamt fleirum gáfu heilsugæslunni í Ólafsvík hjartahnoðtæki að fjárhæð kr. 2,4 m.kr.
- \* Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs færði heilsugæslunni á Hvammstanga kvenskoðunarljós og sjúkradeildinni nokkur snúningslök. Verðmæti gjafa um 400 þúsund kr.
- \* Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga færðu sjúkradeild rafskutlu að verðmæti 351 þúsund kr.
- \* Þá færðu Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga heilsugæslunni hjartastuðtæki að verðmæti 247 þúsund kr.
- \* Í maímánuði færði Lionsklúbbur Stykkishólms legudeildinni hjólastól og sessu, samtals að verðmæti 125.000 kr.
- \* Lionsklúbburinn Harpa í Stykkishólmi gaf HVE í Stykkishólmi gaf legudeildinni loftdýnu og salernisstól í marsmánuði.
- \* Stjórn Minningarsjóðs Guðfinnu og Sigurbjargar frá Hálsi færðu heilsugæslunni í Stykkishólmi slit-lampa og æðadoppler að gjöf, samtals að verðmæti 1.320.000 kr. Slit-lampinn er að gerðinni Topcon SL-2G og æðadopplerinn af gerðinni Huntleigh og munu tækin bæta þjónustuna við skjólstæðinga og styrkja starfsemi stöðvarinnar.
- \* Stjórn Hollvinasamtaka HVE færði stofnuninni átta sólarhringsblóðþrýstingsmæla, þ.e. einn mælir á hverja heilsugæslustöð, Akranes, Borgarnes, Ólafsvík, Grundarfjörð, Stykkishólm, Búðardal, Hólmavík og Hvammstanga. Heildarverðmæti þessarar gjafar er um 2,8 milljónir.

Stofnunin færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir hlýhug og stuðning.



# HEILSUGÆSLUSVIÐ HVE

Heilbrigðisstofnun Vesturlands starfrækir átta heilsugæslustöðvar frá Hvalfirði að sunnan norður í Árnes á Ströndum að meðtöldu Húnaþingi Vestra og Austur Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt 4. grein laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 nær heilsugæsluþjónusta yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva.

## Þjónusta á heilsugæslustöðvum HVE flokkast í eftirfarandi þætti:

- \* Læknisþjónusta
- \* Hjúkrunarþjónusta /- móttaka
- \* Símaþjónusta
- \* Bólusetningar
- \* Heimahjúkrun
- \* Meðgönguvernd
- \* Ung- og smábarnavernd
- \* Skólaheilsuvernd
- \* Sykursýkismóttaka
- \* Sjúkraflutningar

## Önnur sérfræðiþjónusta sem er aðgengileg á starfssvæði HVE:

- \* Augnlækningar
- \* Barnateymi
- \* Háls- nef og eyrnalækningar
- \* Iðjuþjálfun
- \* Næringarráðgjöf
- \* Sálfræðiþjónusta
- \* Sjúkraþjálfun

Á heilsugæslustöðvum HVE starfa samtals 114 starfsmenn. Fastráðnir starfsmenn eru 75 í 52,95 stöðugildum. Auk þess starfa við stöðvarnar 39 sjúkraflutningamenn á bakvöktum og nokkrir verktakalæknar. Heildarfjöldi heilsugæslulækna á svæðinu er 14 stöðugildi. Stöðurnar eru ýmist mannaðar með fastráðnum læknum eða verktakalæknum.

Fjöldi íbúa á starfssvæði HVE er í árslok 2015 samtals 17.818, hefur fjölgað um 1% frá fyrra ári.

Nánari upplýsingar um starfsemi einstakra heilsugæslustöðva innan HVE er að finna á næstu blaðsíðum ásamt tölulegum upplýsingum um sjúkraflutninga á næstu síðu.

## Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2015

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
<b>Bein samskipti við sjúklinga:</b>									
Símtöl	18.374	12.745	2.402	3.131	2.455	4.894	6.333	3.200	<b>53.534</b>
Viðtöl	20.257	12.694	3.490	3.327	2.320	3.764	4.359	3.509	<b>53.720</b>
Vitjun	636	364	172	102	87	88	177	230	<b>1.856</b>
<b>Heildarfj.</b>	<b>39.267</b>	<b>25.803</b>	<b>6.064</b>	<b>6.560</b>	<b>4.862</b>	<b>8.746</b>	<b>10.869</b>	<b>6.939</b>	<b>109.110</b>
<b>Heildarfjöldi skráðra samskipta</b>									
Karlar	17.512	11.887	3.051	3.408	2.533	4.663	5.830	3.110	<b>51.994</b>
Konur	26.235	16.406	3.864	3.916	3.324	6.178	7.702	4.525	<b>72.150</b>
<b>Samtals:</b>	<b>43.747</b>	<b>28.293</b>	<b>6.915</b>	<b>7.324</b>	<b>5.857</b>	<b>10.841</b>	<b>13.532</b>	<b>7.635</b>	<b>124.144</b>

Frá 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Hætt er að skrá samskipti, en skráning fer fram í meðferðareiningu og einnig bókanir í afgreiðslukerfi. Þetta hefur einkum áhrif á fjölda vitjana. Vísast í sér skýrslu um heimahjúkrun á næstu bls..

Frá jan. 2015 er hætt að telja samskipti á rannsóknastofu HVE í Stykkishólmi með skráningu á heilsugæslustöðinni, enda eru rannsóknir taldar sér, sjá skýrslu á bls. 35.

## Heimahjúkrun á HVE 2015

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
<b>Bókanir úr afgreiðslukerfi</b>									
Heimahjúkrun 1. vitjun	52	24	2	1		6	2	12	99
Heimahjúkrun dagvakt	6.299	2.004	147	134	784	730	239	1.916	12.253
Heimahjúkrun útskrift	28	14	1		2	1	2		48
Heimahjúkrun-helgarvakt	2.978								2.978
Heimahjúkrun kvöldvakt	1.653								1.653
Heimahjúkrun símtal	322	29	5			19	14	10	399
<b>Samtals:</b>	<b>11.332</b>	<b>2.071</b>	<b>155</b>	<b>135</b>	<b>786</b>	<b>756</b>	<b>257</b>	<b>1.938</b>	<b>17.430</b>

## Myndgreiningarannsóknir á heilsugæslustöðvum HVE, Samanburður milli ára

	2012	2013	2014	2015
Myndgreining-Hvammstangi	267	236	215	287
Myndgreining-Ólafsvík	123	117	105	86
Myndgreining-Borgarnes		114	172	155
Myndgreining-Hólmavík		39	51	53
Myndgreining-Búðardalur				46

Myndgreiningarannsóknir á Akranesi og Stykkishólmi fylgja yfirliti yfir starfsemi stoðeilda, sjá bls. 29 og 35.

## Sjúkraflutningar á HVE 2010-2015

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-2015	
Akranes	643	767	766	886	890	1.001	111	12,5%
Borgarnes	317	287	319	373	350	440	90	25,7%
Búðardalur	76	99	122	97	102	127	25	24,5%
Grundarfjörður	38	37	70	75	73	87	14	19,2%
Hólmavík	44	47	38	47	36	42	6	16,7%
Hvammstangi	88	107	151	119	127	152	25	19,7%
Ólafsvík	122	153	184	171	161	217	56	34,8%
Stykkishólmur	119	139	124	152	124	153	29	23,4%
<b>Samtals:</b>	<b>1.447</b>	<b>1.636</b>	<b>1.774</b>	<b>1.920</b>	<b>1.863</b>	<b>2.219</b>	<b>356</b>	<b>19,1%</b>

Eins og sjá má á ofangreindum tölum hefur orðið nokkur fjölgun á útköllum sjúkraflutninga á nánast öllum starfsstöðvum HVE eða um 19% á milli árána 2014 og 2015.

Helstu ástæður þessarar fjölgunar eru einkum breytt fyrirkomulag útkalla eftir að fólk er almennt farið að nota 112 númerið. Sjúkraflutningafólk er sent á staðinn án þess að lækni fari með og því er falið að meta ástandið, þ.e. hvort þörf er á lækni eða hvort flytja skuli sjúkling á heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Þessi breyting er möguleg með aukinni menntun sjúkraflutningafólks. Þá má telja til bilun á sneiðmyndataeki á Akranesi og verkfall geislafræðinga fyrri hluta árs 2015. Á þeim tíma fjölgaði talsvert ferðum með sjúklinga til rannsóknar í Reykjavík.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE AKRANESI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá botni Hvalfjarðar að Hafnarfjalli.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2015 var 7.530.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2015 var 43.747 auk 11.332 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2015 er 27 í 19,6 stöðugildum, þar af fjórir til fimm heilsugæslulæknar auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Akranesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2015

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-2015	
Karlar	23.093	20.908	21.603	20.716	19.902	16.233	17.512	1.279	7,9%
Konur	29.082	27.597	28.547	29.034	28.810	24.471	26.235	1.764	7,2%
<b>Samtals</b>	<b>52.175</b>	<b>48.505</b>	<b>50.150</b>	<b>49.750</b>	<b>48.712</b>	<b>40.704</b>	<b>43.747</b>	<b>3.043</b>	<b>7,5%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>									
Símtöl	14.306	14.481	15.054	16.528	16.478	16.740	18.374	1.634	9,8%
Viðtöl	19.654	21.338	21.701	19.941	19.425	18.772	20.257	1.485	7,9%
Vitjun	7.549	7.306	8.643	8.322	8.228	874	636	-238	-27,2%
<b>Samtals</b>	<b>41.509</b>	<b>43.125</b>	<b>45.398</b>	<b>44.791</b>	<b>44.131</b>	<b>36.386</b>	<b>39.267</b>	<b>2.881</b>	<b>7,9%</b>

Þann 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Skráningu samskipta var hætt en skráning fer fram í meðferðareiningu og afgreiðslukerfi. Þetta hefur áhrif á fjölda talinna samskipta, einkum vitjana og eru því samanburðartölur við fyrri ár ekki raunhæfar. Vísast í skýrslu um heimahjúkrun á bls. 15.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BORGARNESI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar samanstendur af Borgarbyggð, Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2015 var 3.828.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2015 var 28.293 auk 2.071 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2015 er 16 í 12,9 stöðugildum, þar af að jafnaði þrjú heilsugæslulæknar, auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Borgarnesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2015

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-2015	
Karlar	12.741	11.009	11.154	11.142	11.593	11.489	11.887	398	3,5%
Konur	17.853	15.017	14.968	16.345	17.094	15.971	16.406	435	2,7%
<b>Samtals</b>	<b>30.594</b>	<b>26.026</b>	<b>26.122</b>	<b>27.487</b>	<b>28.687</b>	<b>27.460</b>	<b>28.293</b>	<b>833</b>	<b>3,0%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>									
Símtöl	8.419	9.377	9.405	10.061	10.826	11.766	12.745	979	8,3%
Viðtöl	12.370	11.929	12.482	12.930	13.066	12.866	12.694	-172	-1,3%
Vitjun	3.986	2.319	2.288	2.237	2.245	406	364	-42	-10,3%
<b>Samtals</b>	<b>24.775</b>	<b>23.625</b>	<b>24.175</b>	<b>25.228</b>	<b>26.137</b>	<b>25.038</b>	<b>25.803</b>	<b>765</b>	<b>3,1%</b>

Þann 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Skráningu samskipta var hætt en skráning fer fram í meðferðareiningu og afgreiðslukerfi. Þetta hefur áhrif á fjölda talinna samskipta, einkum vitjana og eru því samanburðartölur við fyrri ár ekki raunhæfar. Vísast í skýrslu um heimahjúkrun á bls. 15.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BÚÐARDAL



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Álftafirði í suðvestri og Bröttubrekku í suðri og allt norður og vestur á Litlanes á milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar. Stöðin þjónar þannig íbúum Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2015 var 945.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2015 var 6.915 auk 155 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2015 er 4 í 3,85 stöðugildum, þar af einn heilsugæslulæknir og auk þess fjórir sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Búðardal - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2015

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-2015	
Karlar	3.963	3.109	2.950	3.055	3.035	2.777	3.051	274	9,9%
Konur	4.363	3.972	3.636	3.579	3.512	3.505	3.864	359	10,2%
<b>Samtals</b>	<b>8.326</b>	<b>7.081</b>	<b>6.586</b>	<b>6.634</b>	<b>6.547</b>	<b>6.282</b>	<b>6.915</b>	<b>633</b>	<b>10,1%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>									
Símtöl	2.078	2.068	2229	2.206	2.098	2.132	2.402	270	12,7%
Viðtöl	4.051	3.845	3275	3.384	3.256	3.232	3.490	258	8,0%
Vitjun	401	268	268	241	250	156	172	16	10,3%
<b>Samtals</b>	<b>6.530</b>	<b>6.181</b>	<b>5.772</b>	<b>5.831</b>	<b>5.604</b>	<b>5.520</b>	<b>6.064</b>	<b>544</b>	<b>9,9%</b>

Þann 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Skráningu samskipta var hætt en skráning fer fram í meðferðareiningu og afgreiðslukerfi. Þetta hefur áhrif á fjölda talinna samskipta, einkum vitjana og eru því samanburðartölur við fyrri ár ekki raunhæfar. Vísast í skýrslu um heimahjúkrun á bls. 15.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE GRUNDARFIRÐI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá Berserkseyri að Búlandshöfða og í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des 2015 var 899.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2015 var 7.324 auk 135 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2015 er 5 í 3,1 stöðugildi, auk þess einn heilsugæslulæknir og sex sjúkraflutningamenn á bakvöktum.

## HVE Grundarfirði - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2015

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting 2014-2015	
Karlar	3.836	3.259	3.176	3.522	3.426	3.276	3.408	132	4,0%
Konur	4.773	3.804	4.015	4.085	4.283	3.937	3.916	-21	-0,5%
<b>Samtals</b>	<b>8.609</b>	<b>7.063</b>	<b>7.191</b>	<b>7.607</b>	<b>7.709</b>	<b>7.213</b>	<b>7.324</b>	<b>111</b>	<b>1,5%</b>
<b>Bein samskipti við sjúklinga</b>									
Símtöl	919	2.234	2.590	2.561	2.942	2.891	3.131	240	8,3%
Viðtöl	5.022	3.663	3.385	3.818	3.498	3.298	3.327	29	0,9%
Vitjun	134	411	363	366	337	96	102	6	6,3%
<b>Samtals</b>	<b>6.075</b>	<b>6.308</b>	<b>6.338</b>	<b>6.745</b>	<b>6.777</b>	<b>6.285</b>	<b>6.560</b>	<b>275</b>	<b>4,4%</b>

Þann 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Skráningu samskipta var hætt en skráning fer fram í meðferðareiningu og afgreiðslukerfi. Þetta hefur áhrif á fjölda talinna samskipta, einkum vitjana og eru því samanburðartölur við fyrri ár ekki raunhæfar. Vísast í skýrslu um heimahjúkrun á bls. 15.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE HÓLMAVÍK



